

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 880/2004

2007/EES/31/06

frá 29. apríl 2004

um leyfi án tímamarka fyrir notkun beta-karótíns og kantaxantíns sem aukefna í fóður í flokki litunarefna, að meðtöldum fastlitarefnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 9. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að fá þurfi leyfi á vettvangi Bandalagsins fyrir notkun aukefnis.
- 2) Aukefnin, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, β -karótín, sem er notað handa kanarífuglum, og kantaxantín, sem er notað handa bú- og skrautfuglum, voru leyfð til bráðabirgða í fyrsta sinn með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2316/98 frá 26. október 1998 ⁽³⁾. Bráðabirgðaleyfið fyrir þessum aukefnum var framlengt til 14. desember 2003 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2200/2001 frá 17. október 2001 ⁽⁴⁾.
- 3) Fyrirtækið, sem framleiðir bæði aukefnin, lagði fram ný gögn um verkunina til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka.
- 4) Mat á umsókn um leyfi án tímamarka, sem lögð var fram að því er varðar „karótenóíð og xantófýll“ úr flokknum „litunarefni, að meðtöldum fastlitarefnum“, leiðir í ljós að viðkomandi skilyrði, sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

5) Mat á umsókninni leiðir í ljós að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna β -karótíns og kantaxantíns. Slík vernd er þó tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 ⁽⁵⁾ um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um ferli matvæla og dýraheilbrigði, þ.e. undirnefndar um fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa aukefnin, sem falla undir 1. hluta, „karótenóíð og xantófýll“ í flokknum „litunarefni, að meðtöldum fastlitarefnum“ og um getur í viðaukanum, til notkunar sem aukefni í föðri samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 68. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2004 frá 29. október 2004 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 21.4.2005, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 289, 28.10.1998, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 299, 15.11.2001, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilföðurs			
Litunarefni, að meðtöldum fastlitarefnum								
1. Karótenóíð og xantófýll								
E 160a	β-karótín	C ₄₀ H ₅₆	Kanarífuglar	—	—	—	—	Engin tímamörk
E 161g	Kantaxantín	C ₄₀ H ₅₂ O ₂	Búr- og skrautfuglar	—	—	—	—	Engin tímamörk